

Sp.

26. Tillaga til þingsályktunar

um innflutning á heimilisnauðsynjum farmanna.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að ákveða, að þeim skipverjum á íslenskum skipum, er sigla milli Íslands og annara landa, sé heimilt að flytja inn, án afskipta gjaldeyris- og innflutningsnefndar, varning til eigin heimilisþarfa fyrir allt að helmingi launa sinna.
2. Að gera ráðstafanir til þess, að tollskoðun varnings þessa og tollgreiðsla af honum fari fram í skipi því, er hann er fluttur með.

Greinargerð.

Heimild þá, sem felst í þessari tillögu, má að sönnu telja sérréttindi. Þó er hér ekki farið fram á annað en það, sem vera ætti hverjum íslenskum borgara frjálst. En sú staðreynd, að verzlun Íslendinga er hneppt í óeðlileg höft, veldur því, að gera verður jafnsjálfsagðan hlut og þennan að sérréttindum. Er þá á það að líta, hverju fórnað er af hálfu ríkisins, ef tillaga þessi verður samþykkt, og hvort þeir, sem friðindanna verða aðnjótandi, eru þeirra verðir.

Um fyrra atriðið má fullyrða, að ríkið fórnar engu, þótt heimild þessi yrði veitt. Ætlazt er til, að lögboðin gjöld verði greidd af því, sem þannig verður flutt inn, svo ríkið missir þar einskis.

Hinsvegar mundu sjófarendur, er til annara landa sigla, hafa af þessari heimild talsverða hagsmuni. Mundu þeir geta á þennan hátt aflað sér margra heimilisnauðsynja með bærilegri kjörum en ella.

Enginn getur neitað því, að þeir, sem sigla til annara landa meðan styrjöldin varir, leggja sig og heimili sín í mikinn háska. Jafnvíst er hitt, að þeir firra þjóðina alla þeim mikla háska, sem henni stafar af því, að siglingar stöðvist milli Íslands og annara landa. Hin svo kölluðu hlutlausu lönd eru ekki hlutlaus nema að nokkru leyti í styrjöldinni, sem geisar. Allir þeir skipverjar, sem sigla um ófriðarsvæðin, eru í raun og veru í ófriðnum, þótt þeir beri ekki vopn, séu frá hlutlausu landi og veiti því einu lið. Yfir höfði þeirra vofir hvert augnablik að verða brytjaðir fyrir úlf og örn. Íslenzku skipverjarnir í millilandasiglingunum eru landvarnarlið Íslands í styrjöldinni. Mun íslenzka þjóðin telja starf þessara manna þess vert, að þeim verði veitt þau friðindi, er í tillögunni segir, ekki sízt vegna þess, að það er ríkinu meinfangalaust.